


Skýrsla stjórnar starfsárið 2021



Efnisyfirlit


INNGANGUR	3
SKIPAN STJÓRNAR	4
Rekstur og afkoma félagsins.....	4
Félagatal	4
Vottanir starfsársins	4
UPPLÝSINGA-OG KYNNINGARMÁL	5
Fréttabréf og vefsvæði	5
VIÐBURÐIR OG VIÐURKENNINGAR	5
RÁÐSTEFNA	6
ERLENT SAMSTARF	7
Nordnet fundir.....	7
MINNING – EGILL SKÚLI INGIBERGSSON.....	7
SAMANTEKT	7

INNGANGUR

Um þessar mundir eru rétt tvö ár síðan COVID-19 heimsfaraldurinn fór að hafa veruleg áhrif á líf allra jarðarbúa. Í skýrslu stjórnar fyrir ári síðan var starfsárinu lýst sem „árið sem hvarf“ vegna þess að reglulegir viðburðir eins og dagur verkefnastjórnunar og haustráðstefnan voru einfaldlega felldir niður, sem og veiting viðurkenninga á vegum félagsins. Þeir fáu viðburðir sem félagið stóð fyrir, sem og allt erlent samstarf, færðist yfir í fjarfundi. Starf félagsins vart svipur hjá sjón.

Að mörgu leyti má segja að þetta starfsár hafi verið endurtekning á því sem á undan fór vegna þess hvernig faraldurinn þróaðist með ný afbrigði, nýjar bylgjur og flöktandi samkomureglur. Sem betur fer þróuðust mál á betri veg fyrir starfsemi félagsins á þessu starfsári. Þar vóg þyngst haustráðstefna félagsins í byrjun nóvember. Okkur lánaðist þar að hitta á vænlega dagsetningu - á milli tveggja takmörkunartoppa – þar sem reglur leyfðu ráðstefnur af þessu umfangi. Það sem meira var þá hittu umfjöllunarefni og efnistöð í mark hjá raunheimaþyrstum gestum sem skilaði bestu aðsókn að haustráðstefnu félagsins í mörg ár.

Það er óhætt að segja að ráðstefnan hafi verið hápunkturinn í starfsemi félagsins á árinu og það hefði ekki verið mögulegt nema af því við fengum afar áhugaverð erindi frá afburða fyrirlesurum og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.



Mynd 1 Lykilstef á haustráðstefnu félagsins, 4. nóvember 2021

Lykilstef ráðstefnunnar voru, eins og sést á mynd 1 hér að ofan, tengd þremur þáttum: Verkefnamenningu í víðum skilningi, samskiptum í verkefnum og árangri. Allt hverfðist þetta um yfirskriftina „fólk sem hin bundna leið“ til að minna okkur mikilvægi hins mannlega kjarna allra verkefna. Á ráðstefnunni kom mjög skýrt fram hversu sterkt þetta talaði til fólks í öllum geirum, í alls konar verkefnum og full ástæða fyrir félagið að leggja frekari áherslu á þessa þætti á komandi starfsári.

Vel sótt ráðstefna gerði það líka að verkum að jákvæð niðurstaða varð af rekstri félagsins og fleira jákvætt á starfsárinu var að félagið stóðst með þrýði úttekt IPMA á vottunarstarfseminni. Með nýlegum afléttingum allra sóttvarnartakmarkanna leyfir félagið sér að vona að starfsárið endi þannig á besta máta með mikilvægan lærdóm undanfarinna tveggja ára í veganesti.

SKIPAN STJÓRNAR

Ný stjórn var kosin á aðalfundi félagsins þann 3. mars 2021. Eftir 2ja ára fundarsetu gengu Eiríkur Steinn Búason, Íris Arnlaugsdóttir, Steinunn Þorsteinsdóttir og Þór Hauksson úr stjórn félagsins. Þau gáfu öll kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu fyrir utan Steinunni Þorsteinsdóttur. Eitt framboð til stjórnar barst, frá Skúla Bjarnasyni. Þar sem fjögur framboð bárust í fjögur laus stjórnarsæti voru frambjóðendur sjálfkjörnir.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þann 4. apríl 2021 skipti stjórn með sér verkum. Þór Hauksson var valinn formaður, David Lynch varaformaður, Ásdís Jóhannesdóttir gjaldkeri og Linda Björk Hávarðardóttir ritari. Meðstjórnendur Eiríkur Steinn Búason, Íris Arnlaugsdóttir, Óskar Friðrik Sigmarsson og varamaður, Skúli Bjarnason. Innri endurskoðandi vottunarferils David Lynch

Rekstur og afkoma félagsins

Árið 2021 einkenndist af COVID19 faraldrinum eins og fyrra ár. Megin starfsemi félagsins fór fram með rafrænum hætti, fundir, kynningar og vottanir urðu algjörlega rafrænar. Hvað vottanir varðar eru rafrænar vottanir líklega komnar til með að vera. Allar vottanir árið 2021 voru framkvæmdar með rafrænum hætti og gerði félagið samning við Promennt ehf. um framkvæmd þeirra í Moodle hugbúnaðinum.

Félaginu tókst þó að halda haustráðstefnu – eins og áður er komið fram - á Hilton Nordica hótelinu sem heppnaðist ákaflega vel og var mikil ánægja hjá þátttakendum að hittast í raunheimum.

Töluverð breyting til hins betra var í tekjum félagsins og munar þar mest um tekjur af Haustráðstefnunni, en engin ráðstefna var haldin á árinu 2020. Tekjur af vottun hækkuðu um 9,6%. Tekjur af félagsgjöldum halda áfram að dragast saman og nam lækkun tekna af félagsgjöldum um 5%. Svipaða sögu má heyra frá félögum okkar í NORDNET.

Heildar tekjur uxu um 17,5% en rekstrargjöld um 11,8%. Jákvæð niðurstaða varð af rekstri félagsins.

Á sumar og haustmánuðum framkvæmdi IPMA CVMB (Certification Validation Management Board) úttekt á vottunarstarfsemi félagsins, en slík úttekt er gerð á 3ja ára fresti. Úttektin var gerð af þeim Dalibor Cron frá Sviss og John Atkinson frá Írlandi. Ræddu þeir við fjölda viðmælenda vegna úttekarinnar, formann og varaformann, matsmenn og vottaða verkefnastjóra. Eins og sjá má á forsiðu skýrslunnar stóðst félagið úttektina.

Félagatal

Alþjóðasamtök verkefnastjórnunarfélaga IPMA innheimtir skatt af hverjum greiðandi félagi. Samkvæmt IPMA talningu eru félagar í VSF árið 2021 samtals 223, en voru 268 árið áður. Hvert fyrirtæki telur skv. IPMA sem 5 greiðandi félagar. 32 fyrirtæki, fækkar um 8 frá árinu áður og 66 einstaklingar voru skráðir í félagið, voru 79 árið 2020. Félagar sem fá sent fréttabréf frá félaginu eru rétt tæplega 350.

Vottanir starfsársins

Vottunum ársins 2021 fækkaði nokkuð. Engir erlendir hópar eða aukahópar sóttu um vottun á árinu. Tvö opin vottunarferli voru í boði og þrír nemenda hópar mættu í vottun.

Ár	A stig	B stig	C stig	D stig	Alls
Frá upphafi (1997	1	87	198	2104	2389
2019		2	6	175	183
2020		1	6	144	151
2021		0	6	133	139

Taflan sýnir þá sem lokið hafa vottunarferli á árinu

Fjöldi sem hóf vottunarferli á árinu var

Stig	Frumvottun 2021	Endurvottun 2021	Í próf 2021	Ólokið ferli
B-stig	0	4	3	4
C-stig	6	6	7	10
D-stig	133	8	139	0

Samstarf við menntastofnanir og kynningar varðandi vottun voru nokkrar á árinu.

UPPLÝSINGA-OG KYNNINGARMÁL

Miðlun upplýsinga um starfsemi félagsins er með ýmsum hætti, aðallega þó rafrænum; með fréttabréfum, auglýsingum og öðru efni tengdu verkefnastjórnun.

Fréttabréf og vefsvæði

Á árinu 2021 hafa verið send út 10 rafræn auglýsinga- og fréttabréf til félagsmanna með kynningum á fundum og viðburðum auk upplýsinga og fróðleiks sem stjórn félagsins telur að eigi erindi við félagsmenn. Félagið heldur úti vefsvæði fyrir félagið www.vsf.is. Þar má finna upplýsingar um félagið, vottunarferlið, fundi og viðburði. Fyrir ráðstefnuhald notar félagið netfangið www.verkefnastjornun.is. VSF er einnig skráð fyrir léninu www.ipma.is, en það vísar á vsf.is.

Félagið rekur fyrir NORDNET vefinn www.pmnordnet.org. Notkun á þessari vefsíða hefur engin verið frá árinu 2015. Samþykkt hefur verið að loka þessari síðu og mun það gerast í haust.

VIÐBURÐIR OG VIÐURKENNINGAR

VSF stóð fyrir fjölbreyttum viðburðum á árinu þó svo að þeir væru í færra lagi sökum samkomutakmarkana. Í töflu 1 má sjá samantekt helstu viðburða félagsins á starfsárinu;

Tafla 1 Yfirlit helstu viðburða á vegum VSF á starfsárinu

Dags	Staður	Viðburður / erindi	Framsaga / ábyrgð
18.1.2021	Fjarfundur	Kynning á vottun verkefnastjóra	Theodór Ottósson
3.03.2021	Engjateigur 9	Aðalfundur	
15.4.2021	Fjarfundur	Framtíð vinnu og verkefnastjórnun	MPM námið við HR, Katrín Ólafsdóttir, dósent við Viðskiptadeild, Alistair Godbold frá breska verkefnastjórnunarfélaginu APM
9.9.2021	Fjarfundur	Kynning á vottun verkefnastjóra	Theodór Ottósson
24.9.2021	Fjarfundur	IPMA World Congress 2021	IPMA Rússland
4.11.2021	Hilton Nordica	Ráðstefna	Stjórn VSF
4.11.2021	Hilton Nordica	Viðurkenning til Meistaránema í verkefnastjórnun í HÍ og HR	Stjórn VSF
23.11.2021	Fjarfundur	Verkefnastjórnun með sjálfbærniávi í sjávarútvegi	Ingibjörg Karlsdóttir, MPM

RÁÐSTEFNA

Heimsfaraldurinn og samkomutakmarkanir sáu til þess í fyrra að ekkert varð af ráðstefnuhaldi félagsins. Lengi vel leit út fyrir að sömu örlög ráðstefnunnar í ár, en með vaxandi samkomuþörf meðal félagsmanna réðst stjórnin í undirbúning í haust – að mestu í gegnum fjarfundi.

Undirbúningur ráðstefnunnar var mun styttri og snarpari en í venjulegu ári, engu að síður gekk hann merkilega vel við þessar aðstæður. Leiðarstef ráðstefnunnar um menningu, samskipti og árangur hittu í mark og langt er síðan mæting á ráðstefnu félagsins hefur verið jafn góð. Fyrir einskæra slembilukku hitti ráðstefnan á bestu mögulegu tímasetningu í byrjun nóvember; nákvæmlega á milli tveggja bylgja í fjöldatakmörkunum sem gerði samkomu af þessu tagi mögulega.

Í undirbúningi ráðstefnunnar hafði fljótlega komið upp hugmyndin að yfirskriftinni „*Fólk sem hin bundna leið*“. Þar er vísað til þess að þrátt fyrir nákvæmar verkáætlanir sem gera manni kleift að reikna út hina bundnu leið áætlunarinnar í heild - sem aftur segir hvaða „leið“ eða runa verkþátta bindur heildartíma verkefnisins – þá er það á endanum fólk sem skiptir mestu. Verkefni skila niðurstöðu og árangri fyrir fólk og það er fólk sem gegnir lykilhlutverki í vinnu og samstarfi í einstökum verkhlutum. Margir verkefnastjórar kannast við að verkáætlanir riðlast vegna þess að ekki er hægt að tryggja fólk með réttu sérfræðipækkinguna til þess að vinna ákveðna verkþætti á tilteknum tíma eða að samstarfsörðugleikar seinki framgangi verkefnis, sem dæmi. Í einu erindi ráðstefnunnar var til að mynda sagt frá áhrifum menningarmunar í tilteknu jarðhitaverkefni sem unnið var í austur Afríku, þar sem verkefnið komst ekki af stað vegna hátíðartímabils að hausti – sem vestur Evrópubúar höfðu einfaldlega ekki vitað af við áætlanagerðina.

Það sem yfirskrift ráðstefnunnar vísaði einnig til var sú mikla bylgja starfsmannaveltu og starfabyltingar sem gengur yfir heiminn. Á ensku eru þetta nefnt „*The Great Resignation*“ eða „*the Big Quit*“, til að skýra þá miklu bylgju uppsagna sem tókst á flug í Bandaríkjunum um miðjan maí 2021. Ástæður eru ýmsar eins og stöðnun launa og lækkandi kaupmáttur ásamt því að heimsfaraldur COVID-19 ýkti allar aðstæður og fékk fólk til að endurmeta sín lífsgildi og hvers konar fyrirtæki það vildi starfa hjá. Áhrifa þessarar bylgju gætir um allan heim og einnig hér á Íslandi, þar sem við höfum séð gríðarmikla hreyfingu fólks á íslenskum vinnumarkaði. Eins og annars staðar hefur fólk verið að endurskoða og endurskilgreina sitt starfsumhverfi og í því sambandi er sérstaklega áhugavert að ræða hinn mikla vöxt svokallaðra „giggara“, sem eru bæði sjálfstæðir aðilar en líka aðilar í föstu starfi, sem bjóða þekkingarþjónustu á tilteknu sviði.

Á ráðstefnunni fengum við innsýn í þessa breyttu heimsmynd vinnuumhverfisins í fyrirlestri Herdísar Pálu Pálsdóttur um Völundarhús tækifæranna en einnig í erindum tengdum hinum nýja heimi „giggara“ og nýstofnuðu fyrirtæki „Hoobla“ sem er einhvers konar regnhlíf, samfélag og umgjörð sjálfstæðra aðila sem bjóða sína þjónustu með þessum hætti. Harpa Magnúsdóttir framkvæmdastjóri Hoobla sagði frá starfseminni og Aðalbjörn Þórólfsson sagði frá sinni reynslu af því að söðla um yfir í hlutverk sjálfstæðs ráðgjafa.

Fjölbreytt erindi um reynslusögur verkefnastjóra af tilteknum verkefnum í ólíkum aðstæðum og menningu. Jón Örn Jónsson sagði reynslusögur úr verkefnum í Afríku, Agnes Ástvaldsdóttir frá nýsköpunarverkefni sem rataði inn á Ólympíuleikana í Tokyo og Daníel Scheving greindi frá lagningu nýrrar kynslóðar byggðalínu á landinu.

Þróstur Sigurðsson og Huguína Ösp Reynisdóttir mættu fyrir hönd Reykjavíkurborgar og greindu frá metnaðarfullri vegferð í stafrænni þróun, og Agnes Hólm Gunnarsdóttir ræddi gæðamál og afburðaverkefni.

Verkefnastjórnunarfélagið veitti viðurkenningar fyrir lokaverkefni í framhaldsnámi í verkefnastjórnun og þau verkefni kynnt stuttlega, enda mikilvægt að vekja athygli á áhugaverðum rannsóknum á fagsviði verkefnastjórnunar. Inga Minelgaité flutti í lok ráðstefnunnar hugvekju um það sem á ensku er kallað „*Ephemerization*“ og kennt við merkilegan mann að nafni Buckminster Fuller. Inntak orðsins er að tækniþróun geri okkur kleift að gera sífellt meira með minna, og fjallaði Inga um þau áhrif sem sú þróun hefur haft og muni hafa til framtíðar – ekki síst á verkefni og verkefnavæðingu í skipulagsheildum og samfélaginu öllu.

Heilt yfir má segja að þetta hafi verið einstaklega vel heppnuð ráðstefna í alla staði. Fróðleg erindi, góð mæting og gagnleg umræða um það sem skiptir okkur máli; verkefnamenningin, samskiptin og árangur verkefna.

ERLENT SAMSTARF

Erlent samstarf félagsins var áfram í formi fjarfunda. Framkvæmdastjóri tók þátt í 10 fjarfundum á vegum IPMA auk þátttöku í CSP, Certification System Panel sem fjallar um vottunarmál og CoD fundi aðildarfélaganna ásamt Þór Haukssyni.

Nordnet fundir

Litháar tóku við forystu af Dönum í Nordnet, samtökum norrænu IPMA aðildarfélaganna. Allir fundir og samskipti voru rafræn og sat framkvæmdastjóri 4 formlega Nordnet fundi.

Fundarefni þessara funda er að vanda fjölbreytt. Skipst er á upplýsingum um starfið í hverju landi fyrir sig og rætt um málefni IPMA sem uppi eru hverju sinni, ein og ýmis mál er varða rekstur samtakanna; fjármál, markaðsmál, aðild að samtökunum, fræðslumál, vottanir, heimsráðstefnan og síðast en ekki síst varnarviðbrögð IPMA og aðildarlandanna við COVID-19 faraldrinum og aðlögun að nýjum veruleika.

MINNING – EGILL SKÚLI INGIBERGSSON

Það er vert að minnast látins heiðursfélaga VSF, Egils Skúla Ingibergssonar, sem lést 22. desember 2021, 95 ára að aldri.

Allt frá stofnun Verkefnastjórnunarfélags Íslands árið 1984 tók Egill Skúli virkan þátt í starfi félagsins og fylgdist grannt með starfseminni

Hann var einn af frumkvöðlum í beitingu aðferðafræði verkefnastjórnunar á Íslandi og meðal fyrstu matsmanna Verkefnastjórnunarfélagsins við alþjóðlega vottun verkefnastjóra á Íslandi sem hófst á Íslandi árið 1997. Hann starfaði sem matsmaður fyrir félagið allt frá upphafi vottunar til ársins 2014. Það eru ansi margir verkefnastjórar sem Egill Skúli vottaði og endurvottaði á þessum 26 árum.

Egill Skúli var traustur og ráðagóður bakhjarl við þýðingu og innleiðingu á 3. og 4. útgáfu Grunnviðmiða um hæfni verkefnastjóra, og þegar leitað var til hans í tilefni 30 ára afmæli félagsins á árinu 2014 tók hann þeirri bön af áhuga og hjálpsemi. M.a. var tekið viðtal við hann sem finna má á netinu þar sem hann lýsir fyrstu kynnum sínum af verkefnastjórnun.

VSF minntist Egils Skúla með minningargrein í Morgunblaðinu á útfarardegi hans 12. janúar.

SAMANTEKT

Undanfarin tvö ár heimsfaraldurs hafa sannarlega falið í sér óvæntar áskoranir í starfsemi félagsins – líkt og í heiminum öllum. Af þessum tveimur árum var undanfarið starfsár þó mun jákvæðara að flestu

leyti en það fyrra, bæði vegna afar vel heppnaðrar haustráðstefnu en líka almennt vegna þess að við erum þekkingu og reynslunni ríkari að hrærast í heimsfaraldri.

Á starfsárinu kvöddum við einn af heiðursfélögum Verkefnastjórnunarfélagsins, Egil Skúla Ingibergsson, sem lést 22. desember sl., 95 ára að aldri. Egill Skúli var ótrúlega virkur í starfi félagsins allt frá stofnun félagsins fyrir tæpum fjörutíu árum og langt fram eftir aldri. Það er ánægjulegt að rifja það upp hér – hjá þeim sem þetta ritar - að Egill Skúli var annar af matsmönnum í vottunarviðtali mínu um B-vottun fyrir tæpum 10 árum síðan, þá 85 ára að aldri. Athugull og nákvæmur en einstaklega ljúfur, gefandi og áhugasamur um þróun fagsins.

Ég dáðist að þessari óbilandi atorku Egils Skúla og ekki síst þessum mikilvæga þætti í hans fari að virðast alltaf vera að bæta við sig þekkingu og auðmjúkur var hann alltaf tilbúinn að hlusta, fræðast og læra nýja hluti. Þetta er einstakur eiginleiki sem fer þverrandi hjá mörgum með hækkingu aldri, samanber máltækið að erfitt sé að kenna gömlum hundi að sitja.

Egill Skúli var gangandi sönnun hins gagnstæða og minnir mann á mikilvægi þess að halda opnum huga og vera tilbúinn að endurskoða eldri kennisetningar og gildi í ljósi nýrrar þekkingar eða aðstæðna. Í ljósi þeirra breytinga sem við höfum upplifað í vinnu- og verkefnaumhverfi okkar síðustu ár má halda því fram að þetta verði lykilhæfni næstu ára.

*Fyrir hönd stjórnar,
Þór Hauksson
Formaður VSF*